

Nd. **322. Breytingartillögur** [129. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, FrS, ÞP, GeirH).

1. 1. gr. frumvarpsins falli niður.
2. Við 3. gr. Eftirtaldar breytingar verði á 1. mgr.:
 - a) Í stað „23%“ komi: 22.75%.
 - b) Í stað „32%“ komi: 31.5%.
 - c) Í stað „45%“ komi: 44%.
3. Við 6. gr. Í stað „51%“ komi: 50%.
4. Á eftir 8. gr. komi ný grein sem orðist svo:

Aftan við 2. mgr. 98. gr. laganna komi nýr málslíður er orðist svo:
Heimil er opinber birting á þeim upplýsingum um álagða skatta sem fram koma í skattskrá, svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta.
5. 9. gr. frumvarpsins falli niður.